# GJALDSKRÁ

**fyrir meðhöndlun úrgangs, sorphirðu og gámasvæði í Sveitarfélaginu Árborg.**

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg nr. 115/2010.

2. gr.

Sérstök söfnun við heimili er flokkun með 4 tunnum sem grunnregla, en möguleiki á spartunnu eða tvískiptri* tunnu samkvæmt neðangreindu:

| **Breytilegt gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:** | | **Gjald kr./ílát á ári** | |
|---|---|---|---|
| | | 28 dagar | 10 dagar |
| *Gjaldflokkur nr.* | *Tegund íláts og hirða – tunna 1* | *Íbúð/sérbýli* | *Fjölbýli* |
| A.1 | 120/140 l spartunna | 16.502 | |
| A.2 | 240 l grá tunna | 23.671 | 35.060 |
| A.3 | 660 l grá tunna | 65.096 | 96.416 |
| A.4 | 1.100 l grá tunna | 108.493 | 160.694 |
| A.5* | 140/100 l tvískipt grá/lífræn tunna | 29.591 | |
| | **Sé þessi valin eru 3 tunnur við heimili, eitt ílát skiptist í tvo flokka (ílát 1 og 4)* | | |
| A.6 | Djúpgámur – gjald samkvæmt raunkostnaði | | |
| | | | |
| **Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:** | | 28 dagar | 14 dagar |
| *Gjaldflokkur nr.* | *Tegund íláts og hirða – tunna 2* | *Íbúð/sérbýli* | *Fjölbýli* |
| B.1 | 240 l blá tunna | 8.473 | 16.900 |
| B.2 | 660 l blátt ker | 23.301 | 46.475 |
| B.3 | 1.100 l blátt ker | 38.836 | 77.458 |
| B.4 | Djúpgámur – gjald samkvæmt raunkostnaði | | |
| | | | |
| **Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:** | | 28 dagar | 14 dagar |
| *Gjaldflokkur nr.* | *Tegund íláts og hirða – tunna 3* | *Íbúð/sérbýli* | *Fjölbýli* |
| C.1 | 240 l græn tunna | 8.473 | 16.900 |
| C.2 | 660 l grænt ker | 23.301 | 46.475 |
| C.3 | 1.100 l grænt ker | 38.836 | 77.458 |
| C.4 | Djúpgámur – gjald samkvæmt raunkostnaði | | |
| | | | |
| **Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgangur:** | | 28 dagar | 10 dagar |
| *Gjaldflokkur nr.* | *Tegund íláts og hirða – tunna 4* | *Íbúð/sérbýli* | *Fjölbýli* |
| D.1 | 140 l brún tunna | 10.912 | 30.136 |
| D.2 | Djúpgámur – gjald samkvæmt raunkostnaði | | |

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gleri, textíl og málmum í grenndarstöðvar í sveitarfélaginu auk hlutdeildar í föstum kostnaði sem nemur 19.460 kr. á íbúð.

Önnur gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Tunnugjald: Nýjar 140 l tunnur | 11.600 | kr./ílát |
| Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur | 14.000 | kr./ílát |
| Tunnugjald: Nýjar 240 l tvískiptar tunnur | 18.730 | kr./ílát |
| Tunnugjald: Ný 660 l ker | 47.500 | kr./ílát |
| Tunnugjald: Ný 1.100 l ker | 88.200 | kr./ílát |
| Útkeyrslugjald, tunnur | 2.760 | kr./ferð |
| Útkeyrslugjald, ker | 5.520 | kr./ferð |
| Tunnufesting | 4.200 | kr./stk. |
| Teygjufesting á lok í lausasölu | 880 | kr./stk. |
| Teygjufesting á lok sett á nýjar tunnur | 1.100 | kr./stk. |
| Lok á tunnur | 2.695 | kr./stk. |
| Skrefagjald – umfram 15 m frá söfnunarleið + 50%/ílát | | |
| Breytingagjald* – skráningargjald vegna breytinga | 3.900 | kr./breyting |
| Tunnugjald: Notuð tunna/ker – 50% af verði nýrrar | | |

** Gildir frá 1. júlí 2023.*

Breytingagjald er greitt í hvert skipti sem óskað er eftir breytingum á skráningu.

Tunnugjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða.

Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu enda sé hún óskemmd. Verð eldri tunnunnar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst.

3. gr.

Greiða þarf samkvæmt neðangreindu vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Árborg (gámastöðvar). Greitt er fyrir móttöku á öllum úrgangi eftir vigt eða rúmmáli ef það á við samkvæmt mati starfsmanna. Virðisaukaskattur er innifalin í gjöldunum.

Lágmarkskomugjald á móttökustöð er 700 kr. Lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) er 1.260 kr./m³.

| **Óflokkað** | *Kr./kg m. vsk* |
|---|---|
| *Blandaður úrgangur:*<br>Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggun | 61 |
| *Grófur úrgangur:*<br>Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, gifs | 68 |
| **Flokkað** | *Kr./kg* |
| *Steinefni frá framkvæmdum:* | |
| Postulín, flísar, keramik og gler | 27 |
| *Timbur:* | |
| Hvítmálað, plasthúðað og blandað | 34 |
| Ólitað timbur, trjábolir og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta) | 19 |
| Hey, trjáafklippur, gras, hálmur og arfi | 13 |
| Dagblöð/tímarit | 14 |
| Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju | 14 |

| | |
|---|---|
| *Málmar:* | |
| *Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:* | *Kr./kg* |
| Umbúðir úr sléttum pappa<br>Plastumbúðir<br>Heyrúlluplast<br>Bylgjupappi<br>Hjólbarðar<br>Raftæki<br>Spilliefni | 0<br>41<br>0<br>0<br>0<br>0<br>0 |
| *Annað:* | *Kr./kg* |
| Smádýrahræ og sláturúrgangur (lágmark 2.000 kr við afgreiðslu) | 273 |
| Húsdýraúrgangur | 18 |
| Ómengaður úrgangur til urðunar, t.d. jarðvegur, steinefni | 29 |
| *Jarðefni til afhendingar:* | *Kr./kg* |
| Mulningur 0-25 | 4,04 |
| Drenmöl 10-25 | 4,92 |
| N. sandur 0-8 | 3,72 |
| Fjörusandur á gámasvæði | 2,87 |
| Sandur úr Eyrarbakkafjöru – afgreiddur í fjörunni | 1.649 kr./m³ |
| Vigtun bifreiða – útgáfa vottorðs | 4.500 kr./á bíl |
| *Leigugjald fyrir geymslu á gámasvæði*[1]<br>Lágmarksgjald á mánuði<br>Fermetragjald á mánuði | <br>1.750 kr.<br>288 kr. |

Gjöld skv. þessari grein miðast við launavísitölu 50% og undirvísitölu 072 vegna reksturs ökutækja 50% í nóvember 2022 sem uppfærast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. apríl 2023.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 1651/2022.

*Þannig samþykkt í bæjarstjórn, 22. mars 2023.*

**Fjóla Steindóra Kristinsdóttir** bæjarstjóri.

[1] Samkvæmt skilmálum fyrir geymslusvæði í Víkurheiði 4. Gjöld þessi heyra ekki undir ákvæði um uppfærslu samkvæmt launavísitölu og vísitölu á rekstri ökutækja.